



Fundargerð kjörstjórnar 20.janúar 2020

Fundur haldinn í kjörstjórn Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 20. janúar 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 8:00.

Fundur nr. 2 kjörtímabilið 2018-2022

Mætt til fundar: Signý Björk Kristjánsdóttir, Heiðbjört Antonsdóttir og Jóhann Már Róbertsson.

Kjörbréf

1. Útgefin kjörbréf á eftirtalda aðila eru lögð fyrir stjórnina til undirritunar:

Teitur Helgason, ð-lista Betra Sigtúns, verður aðalmaður í sveitarstjórn.

Berglind Steindórsdóttir, ð-lista Betra Sigtúns, verður varamaður í sveitarstjórn.

Breytingar þessar eru tilkomnar vegna brottflutnings Stefáns Gríms Rafnssonar, oddvita ð-lista Betra Sigtúns, úr sveitarfélaginu.

2. Í ljósi þess að á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar liggur fyrir bréf frá Bjarti Aðalbjörnssyni, oddvita S-lista Samfylkingar, þar sem hann óskar tímabundins leyfis frá störfum í sveitarstjórn var ákveðið að gefa einnig út kjörbréf fyrir Sigríði Elvu Konráðsdóttur og Hjört Davíðsson sem áttu sæti á S-lista Samfylkingar í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Kjörbréf þessi voru útbúin og undirrituð og verða póstlögð að loknum næsta fundi sveitarstjórnar svo fremi að sveitarstjórn verði við ósk Bjarts um tímabundið leyfi.

Sigríður Elva Konráðsdóttir, S-lista Samfylkingar, verður aðalmaður í sveitarstjórn til 31.5.2020.

Hjörtur Davíðsson, S-lista Samfylkingar, verður varamaður í sveitarstjórn.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 8:30.